



H O L T A S K Ó L I

Skólanámskrá 2009 - 2010

Bekkjarnámskrá

Bekkjarnámskrá

1. bekkur

Íslenska

Íslenskukennslan í 1. bekk verður samofin allri annarri kennslu. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla er íslenskunámi skipt í eftirfarandi þætti: lestur, talað mál og fram-sögn, hlustun og áhorf, ritun, bókmenntir og málfræði. Þessir þættir eiga að styðja hver annan, tengjast og skarast og fléttast saman sem ein heild. Lögð er áhersla á Að nemandi þjálfist í íslensku í öllum námsgreinum grunnskóla. Miðað er við að íslenskutímar séu 8-10 á viku.

Lestur

Markmið:

Að nemandi

- vinni fjölbreytt verkefni sem örva þá til lestrar
- kynnist rími og hrynjandi, bókstöfum, orðum og setningum
- hafi greiðan aðgang að og nýti sér fjölbreytt val bóka, bæði í kennslustofu og á skólasafni
- fái tækifæri til að efla lesskilning með því að vinna fjölbreytt verkefni við hæfi
- fái tækifæri til að lesa bækur við hæfi, að eigin vali og vali kennara
- læri undirstöðuatriði lestrar þ.e. að þekkja alla bókstafi og tengja hljóðin saman í orð
- lesi léttu texta sér til skilnings
- taki sérstakt lesskimunarpróf sem spáir fyrir um hvort þeir geti átt í lestrar-erfiðleikum og fái viðeigandi lestrar- og málþjálfun í kjölfarið
- vinni verkefni sem stuðla að auknum orðaforða og málskilningi

Kennslutilhögun:

Stafainnlögn:

- einn til tveir stafir lagðir inn á viku
- fönðrað með stafina til að gera þá myndræna
- unnið er markvisst með hlustunarleiki, rím, hrynjandi, bókstafi, hljóð og hljóðgreiningu, forhljóð, samstöfur (atkvæði), orð og setningar
- skrift
- tengingar stafa, hljóð fundin
- lestur í tímum
- heimalestur

Námsefni:

- Fimm vinir í leik og lestri: lestrar- og vinnubók,
- Við lesum A ásamt vinnubók,
- ið lesum B ásamt vinnubók.
- Ljósritaðir léttir textar og lestrarbækur við hæfi hvers nemanda.

Námsmat:

Tove Krogh lagt fyrir, Könnunin Ritmálsvitund barna er lögð fyrir í október. Lesskimunarpróf eru tekin í október, febrúar og maí. Að vori taka nemendur hraðlestrarpróf.

Talað mál – framsögn**Markmið:**

Að nemandi

- fái tækifæri til að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum og hlusti á umræður þeirra
- fari í leiki sem gera kröfur um munnlega tjáningu og farið sé eftir fyrirmælum
- fái tækifæri til að segja frá eigin reynslu
- fái tækifæri til að ræða við bekkjarfélaga, t.d. þegar upp koma vandamál og reyna að komast að sameiginlegri niðurstöðu
- fái þjálfun við hæfi í framburði íslenskra máhljóða
- fái tækifæri til að kynna vinnu sína fyrir bekkjarfélögum og foreldrum
- endursegi og/eða lesi eigin sögur og ljóð upphátt fyrir bekkjarfélaga sína
- kynnist þeim reglum sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu
- séu hvattir til að tala skýrt og áheyrilega
- fái tækifæri til að syngja algenga íslenska barnasöngva og taki þátt í fjölda-söng, m.a. söngva sem tengjast jólum

Kennslutilhögun:

Leikræn tjáning, söngur, tónlist, umræður, þulunám, bein kennsla og hlustunarefni.

Námsefni:

Markviss málörvun í leik og starfi, ýmsir textar, sögur, ljóð, þulur og leikir.

Námsmat:

Ekkert formlegt námsmat.

Hlustun – áhorf**Markmið:**

Að nemandi

- hlusti á upplestur á sögum og ljóðum, bæði sem kennari les og flutt eru á annan hátt, t.d. af hljóð- eða myndbandi
- hlusti á fyrirmæli kennara og fari eftir þeim
- skoði myndir og segi frá efni þeirra.

Kennslutilhögun:

Bein kennsla og hlustun

Námsefni:

Markviss málörvun, Umræður í krók, Söngtextar, Sögur af geisladiskum, Lesnir textar, Leggðu við hlustir

Námsmat:

Ekkert formlegt námsmat.

Ritun, málfræði og skrift

Markmið:

Að nemandi

- þekki skriftaráttina
- þjálfist í fínhreyfingum með fjölbreyttum verkefnum
- þjálfist í að draga rétt til stafs
- semji texta við eigin myndir og annarra og skrifi sjálfir eða með aðstoð
- fái tækifæri til að semja sögur og ljóð og skrifi sjálfur eða með aðstoð
- skrái sjálfur eða með aðstoð frásagnir um atburði úr eigin lífi
- læri m.a. að þekkja hugtökin bókstafur, hljóð, orð og setning í tengslum við lestrarnám.

Sögubókin mín:

Börnin fá aðstoð við að skrifa sögu eða frásögn og myndskreyta. Þegar á líður geta þau farið að skrifa sjálf og fá þá afmörkuð verkefni auk frjálsrar ritunar.

Kennslutilhögun:

Söguaðferð, verklegar æfingar, vinnubókarkennsla og bein kennsla.

Námsefni:

Fimm vinir í leik og lestri vinnubók, Við lesum A vinnubók, Við lesum B vinnubók, Orðasafnið mitt, Heimaskriftarbók, Sögubókin mín og ýmis verkefni.

Námsmat:

Umsögn verður gefin í lok skólaárs.

Bókmenntir**Markmið:**

Að nemandi

- fari á skólasafn og skoði/lesi þar bækur
- þjálfist í að fá bók að láni á skólasafni
- þjálfist í að ræða um bókmenntaverk sem þeir hafa hlustað á
- fái tækifæri til að lesa bækur sér til fróðleiks og skemmtunar miðað við lestrargetu og áhuga
- kynnist þekktum íslenskum þjóðsögum, m.a. úr heimabyggð
- læri nokkrar einfaldar vísur og ljóð til söngs

Kennslutilhögun:

Bein kennsla, heildstæð verkefni, hlustunarefni, ritun, safnfræðsla, sköpun, söguaðferð, tjáning og þulunám.

Námsefni:

Þjóðsögur og ævintýri og ýmsar bækur

Námsmat:

Ekkert formlegt Námsmat:

Ljóð

Unnið á margvíslegan hátt með ljóð

Kennslutilhögun:

Bein kennsla

Námsefni:

Ljóð úr ýmsum áttum.

Námsmat:

Ekkert formlegt Námsmat:.

Stærðfræði

Í upphafi er stærðfræðikennsla barna byggð á hugtökum úr þeirra eigin reynslu og þekkingarheimi. Leitast er við að tengja viðfangsefnin daglegu lífi barnanna. Fjölbreyttir kennsluhættir og mismunandi nálgun við lausn viðfangsefna er nauðsynleg því ung börn sjá oft hlutina öðrum augum en fullorðnir. Miðað er við að stærðfræðitímar verði 6-7 á viku.

Markmið:

Að nemandi

- þrói með sér almennar hugmyndir stærðfræðinnar
- nái tókum á grunnhugmyndum og hugtökum
- geti tjáð sig um stærðfræði og fært rök fyrir máli sínu
- vinni að lausnum þrauta
- öðlist talnaskilning
- læri reikniaðferðir
- læri um mynstur og form, mælingar og tölfræði
- læri að skoða og skynja umhverfi sitt frá sjónarhóli stærðfræðinnar
- kynnist margvíslegum aðferðum við lausn viðfangsefna
- geri sér grein fyrir hvernig beita má stærðfræði í daglegu lífi
- læri undirstöðuatriði í notkun vasareikna
- æfist í að nýta sér hugarreikning
- þekki heilu tímana á klukkunni

Prepamarkmið: 1. bekkjar:

- tölurnar 0 – 100
- talning – talnaskrift - talnaskilningur
- röðun
- lengdarmælingar
- flokkun
- mynstur
- tími
- raðtölur
- rökhugsun
- hliðrun – speglun
- þyngdarmælingar
- hlutföll og form
- talnalína
- samlagning – plúsheiti
- sætiskerfi
- þrívíð form
- oddatölur – sléttar tölur
- súlurit
- frádráttur
- sætiskerfi – eining - tugur

Kennslutilhögun:

Bein kennsla, hópverkefni, þrautalausnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, vettvangsferðir og viðfangsefni tengd daglegu lífi.

Námsefni:

- Sproti 1 nemendabók
- Sproti 1 æfingahefti
- Verkefnamappa
- Ljósrituð verkefni

Námsmat:

Vinna nemenda yfir veturinn metin jafnóðum.

Samfélagsgreinar

Viðfangsefni er hinn nálægi heimur barnsins. Markmið:ið er að efla sjálfstraust og jákvæða sjálfsmýnd barnsins.

Markmið:

Að nemandi

- kynnist því að til eru margar þjóðir og mörg tungumál í heiminum
- kynnist því hvernig sagan er allt í kringum okkur og við erum hluti af henni
- læri hver þjóðhátiðardagur Íslendinga er, að við eigum þjóðsöng og höfum forseta
- viti hvað forsetinn heitir og hvar hann býr og að aðrar þjóðir eiga líka þjóðhátiðardag, þjóðsöng og þjóðhöfðingja
- kynnist nokkrum íslenskum þjóðsögum
- átti sig á muninum á sannsögu og skáldsögu, t.d. með því að bera eigin reynslu saman við skáldsögu eða ævintýri
- kanni aðstæður og fyrirbæri og skrái athuganir sínar í máli og/eða mynd í sögubók
- skilji mikilvægi fjölskyldu, vina og skólafélaga og gildi þess að vera hluti af hópi
- skilji mikilvægi reglna í skólanum alveg eins og í umferðinni og í samskiptum fólks
- þjálfist í að hlýða reglum í leik og starfi í skólanum
- kynnist skólabyggingunni, skólalóðinni og nánasta umhverfi skólans undir leiðsögn kennara
- þekki nokkur örnefni, kennileiti, sögustaði og sögupersónur í heimabyggð
- þekki árstíðirnar, heiti vikudaga og mánaða og mun á degi, viku, mánuði, ári, áratug og öld
- læri að nota dagatal
- kynnist algengum tímahugtökum eins og: Fyrir langalöngu, í gamla daga, einu sinni, fortíð, nútíð og framtíð
- eflist í samkennd sín á milli og virði hvern annan í leik og starfi

Kennslutilhögun:

Heildstæð verkefni, bein kennsla, hlustunarefni, hópverkefni, hugmyndavinna, ritun, umræður, sköpun, spurnaraðferðir, sýningar, söguaðferð, söngur, tjáning, vettvangsferðir, viðfangsefni tengd daglegu lífi, viðtöl og þulunám.

Námsefni:

- Kennsluverkefnið: Komdu og skoðaðu Umhverfið.
- Þjóðsögur: Nemendur setja upp leikrit.
- Sigga og skessan á Suðurnesjum.
- Veðurkort, dagatal og önnur gögn.

Námsmat:

Umsögn að vori.

Náttúrufræði

„Þegar börn byrja í skóla 6 ára gömul eru þau yfirleitt mjög næm og eftirtektarsöm á umhverfi sitt. Þau hafa þegar reynslu og hugmyndir um flesta efnisþætti sem falla undir námssviðið náttúrufræði.” (Aðalnámskrá grunnskóla). Hlutverk skólans er að viðhalda og styrkja forvitni og áhuga nemandans á umhverfinu og leyfa þeim að takast á við verkefni sem víkka sjóndeildarhring, orðaforða, málfar og skynjun.

Markmið:

Að nemandi

- skoði og ræði um afleiðingar árstíðabreytinga í íslenskri náttúru og nánasta umhverfi
- fjalli um veðurfar út frá eigin upplifunum og hugmyndum
- skoði tungl og stjörnur með berum augum
- ræði um ólík birtingarform vatnsins í náttúrunni, s.s. jökla, ár og læki, rigningu og snjókomu
- fjalli um veðurfar út frá veðurkortum og veðurspám sem birtast í sjónvarpi og blöðum
- þjálfist í að flokka lífverur eftir ytri einkennum
- útbúi einfalt ættartré sem sýnir skyldleika fjölskyldu
- þjálfist í að beita heitum og hugtökum yfir sjáanlega líkamshluta
- læri um helstu skynfæri sín og hvernig þau eru notuð
- öðlist þekkingu á eigin líkama og tilfinningum
- ræði um hollustu matar m.a. með tilliti til tannverndar

Kennslutilhögun:

Bein kennsla, efniskönnun, ritun, sköpun, tjáning, umræður, vettvangsferðir og viðfangsefni tengd daglegu lífi.

Námsefni:

Komdu og skoðaðu Líkamann, Komdu og skoðaðu Umhverfið

Veðurkort, dagatal og önnur gögn

Námsmat:

Umsögn að vori

Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði

„Námi í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræðum er ætlað að stuðla að menntun og þroska nemenda og efla skilning á íslensku samfélagi og menningu í fortíð og nútíð. Greininni er einkum ætlað að efla trúar-, siðgæðis- og félagsþroska nemenda” (Aðalnámskrá grunnskóla).

Markmið:

Að nemandi

- kynnist kristinni sköpunarsögu
- kynnist sögum af bernsku Jesú og heyrir um daglegt líf og aðstæður á hans dögum
- kynnist afstöðu Jesú til barna, m.a. með frásögunni Jesús blessar börnin
- heimsæki kirkju og skoði helstu kirkjumuni
- kynnist frásögunum af fæðingu Jesú, læri einfalda jólasálma og kynnist íslenskum jólasíðum
- þekki tilefni páska
- geri sér ljóst hvað bæn er og læri að þekkja bænina Faðir vor, kvöld- og morgunbænir og borðbænir
- fáist við siðræn viðfangsefni sem tengjast vináttu og merkingu orðanna rétt og rangt, mitt og þitt og fyrirgefning
- geri sér ljóst að engir tveir eru eins, t.d. með frásögn af börnum með ólíkan bakgrunn
- kynnist öðrum trúarbrögðum

Kennslutilhögun:

Bein kennsla, hlustunarefni, bænir, tjáning og sköpun.

Námsefni:

Undrið, Barnabiblían, Ýmis verkefni.

Námsmat:

Umsögn að vori

Tónmennt

Á vegum Tónlistaskóla Reykjanesháskóla.

Myndmennt

- er samþætt við aðrar námsgreinar.

Markmið:

Að nemandi

- öðlist og þjálfri færni í myndsköpun
- fái tækifæri til að vinna með mismunandi efni
- efla sköpunargleði og starfslöngun þannig að hver einstaklingur fái notið sín bæði í einstaklingsvinnu og í samvinnu við aðra
- þrói eigið gildismat með því að eflast í frumleika og fegurðarskyni
- sé umhugað um eigin vinnubrögð og örvist til gagnrýnnar hugsunar
- skilji mikilvægi þess að ganga frá verkefnum, efnum og áhöldum

Kennslutilhögun:

Bein kennsla, sýnikennsla, verklegar æfingar, sköpun og hópverkefni.

Námsefni:

Ýmis verkefni.

Námsmat:

Umsögn að vori

Upplýsinga- og tæknimennt:

Fjöldi kennslustunda er 1 stund aðra hverja viku hjá umsjónarkennara.

Ritþjálfari/bókasafn 1 stund aðra hverja viku, þ.e. ritþjálfari hálfsmánaðarlega og bókasafnstími hálfsmánaðarlega.

Markmið:**Ritþjálfari:**

Að nemandi

- læri rétta líkamsstöðu við vélritun.
- læri á alla heimalyklana átta (a, s, d, f, j, k, l, æ).

Bókasafn:

Að nemandi

- læri að umgangast bókasafn
- læri hvernig á að umgangast bækur
- læri að leita að bókum

Tölvur:

Að nemandi læri:

- rétta líkamsbeitingu við tölvur
- að skrá sig inn á tölvurnar
- á músina
- að fara inn og út úr kennsluforritum
- að fara í kennsluforrit á Netinu (tenglar á heimasíðu Holtaskóla)
- á Paint (teikniforrit) og að vista á réttum stað
- að opna aftur ólokið verkefni í Paint
- að ganga frá tölvum að tíma loknum
- að nota lyklaborð í stað músar
- tölvugrunn

Kennslutilhögun:

- Nemendur vinna ýmis verkefni í tölvustofu undir stjórn kennara.
- Á bókasafni lesa nemendur og vinna ýmis verkefni undir stjórn kennara.

Námsgögn:

- Bækur á bókasafni
- Kennsluforrit
- Kennsluforrit á Netinu (tenglar á heimasíðu Holtaskóla)
- Paint (teikniforrit): pensill og málningarfata
- Ritþjálfari

Námsmat:

Fylgst er með virkni, áhuga og hegðun og mat gert í samræmi við það.

Textílmenn/Hönnun og smíði

Textílmenn

Samþætt annarri kennslu

Markmið:

Að nemandi

- fái þjálfun í að nota hugmyndir og fylgja ferlinu frá hugmynd að fullunnu verki
- venjist sjálfstæðum og öguðum vinnubrögðum

Kennslutilhögun:

Textílkennsla byggir á því að þjálfar nemendur í þeim færniþáttum að skapa, túlka og tjá. Þeir fá innsýn í hvernig textílverk verður til og læra að sauma einföld útsaumsspor.

Námsmat:

Fylgst er með vinnubrögðum nemenda, áhuga þeirra og frumkvæði.

Hönnun og smíði

Samþætt annarri kennslu

Markmið:

Að nemandi

- kynnist vinnu með eigin hugmyndir að smíðahlutum og geti skýrt þær í máli og myndum
- eti búið til líkan eftir hugmyndum sínum í auðunnin efni.

Kennslutilhögun:

Rætt verður um hugmyndir og mikilvægi þeirra. Hvernig er hægt að gera þær sýnilegar með einföldum rissteikningum og skýringum. Kennnd verður gerð einfaldra sniða eftir hugmynd nemandans sem hann notar við smíði hlutar með aðstoð kennara.

Námsmat:

Byggir á mati kennara á hugmyndaauðgi og hönnun, umgengni og hegðun, iðni, verkfærni og vandvirkni.

Heimilisfræði

Kennd er ein stund á viku.

Markmið:

Að nemandi

- viti um nauðsyn hreinlætis í daglegu lífi
- læri um hollt nesti gildi morgunverðar þekki fæðuhringinn
- viti mikilvægi þess að borða úr öllum fæðuflokkum daglega
- umhverfisvernd

Kennslutilhögun:

Nemendur vinna saman við að útbúa auðvelda rétti.

Námsgögn:

Heimilisfræði fyrir byrjendur ; Heimilisfræði fyrir 1. bekk.

Ítarefni:

Myndband um nauðsyn vatns.

Námsmat:

Fylgst er með frammistöðu í tímum. Umsögn gefin fyrir vinnubók og frammistöðu að vori.

Íþróttir, líkams- og heilsurækt :

Kennd er ein stund á viku.

Markmið:

Að efla líkamlegan þroska, heilbrigði og þrek, svo og þol, kraft og liðleika. Einnig að taka þátt í einföldum æfingum og leikjum sem efla sjálfstraust, viljastyrk og áráðni og að fara eftir settum reglum til þess að venjast aga ásamt því að taka tillit til annarra. Að upplifa skólaíþróttir sem efla sjálfstraust , viljastyrk og áráðni á jákvæðan og skemmtilegan hátt. Að taka þátt í einföldum æfingum og leikjum til þess að efla samspil skynfæra og útfærslu hreyfinga.

Kennslutilhögun:

Nemandi mun leysa af hendi verkefni sem þroska jafnvægisskyn, sjónskyn, heyrnarskyn, snertiskyn, vöðva og liðamót svo eitthvað sé nefnt. Einnig þjálfast þau í ýmsum grunnhreyfingum eins og að hlaupa, ganga, skriða, hoppa, klifra, grípa, rúlla og velta sér. Þjálfast einnig í ýmsum æfingum með áhöld s.s. gjarðir, sippubönd, bolta og baunapoka. Nemendur taka staðlað hreyfiþroskapróf MOT 4-6. Leikfimi fer fram innan dyra nema úti stöku sinnum á haustin og á vorin. Leikfimi er yfirleitt alltaf kynjaskipt. Nemendur eru hvattir til að neyta holls mataræðis.

Námsmat:

Fylgst er með því Að nemandi mæti vel og taki virkan þátt í kennslustundinni og í lok ársins fá nemendur matsblað.

Skólasund

Kenndar eru tvær stundir á viku.

Markmið:

Að nemandi aðlagist sundlauginni og að þeir nái tókum á grunnfærni í bringu, skólabak- og skriðsundi með aðaláherslu á fótatök. Einnig í leikjum sem ná til skyn- og hreyfiþroska.

Kennslutilhögun:

Nemendur leysa af hendi einfaldar æfingar og leiki sem þroska jafnvægisskyn, sjónskyn, heyrnarskyn og snertiskyn. Nemendur þjálfast í sköpun og frjálsum hreyfingum í vatni. Nemendur kynnast helstu hugtökum sem notuð eru í byrjendakennslu.

Námsmat:

Fylgst er með að nemandi mæti vel og athugað hvort þau standist fyrsta stig í sunði. Sundstig er hægt að nálgast á Mentor.